

Mál nr. 282/2025

Nafn málskotsaðila: (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Árekstur. Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 31. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags. 21. ágúst 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V2, dags. 11. september 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu frá Aðstoð & öryggi, urðu tveir árekstrar milli bifreiðarinnar A sem M ók og bifreiðarinnar B þann 23. júní 2025, á Bústaðavegi við Kringlumýrarbraut. Bifreiðin A er váttryggð hjá V1 og bifreiðin B hjá V2. Samkvæmt upplýsingum frá V2 er ekki ágreiningur um að ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum, heldur snýst ágreiningur um umfang þess tjóns sem varð á bifreið M. V2 hefur hafnað að greiða viðgerðarkostnað á bifreið M á þeim grundvelli að M hafi ekki orðið fyrir auknu fjártjóni vegna árekstursins, umfram það tjón sem fyrir var á bifreiðinni. M hafnar því í málskoti sínu að tjón hafi verið á bifreiðinni fyrir áreksturinn. Hann hafi myndir og myndbandsupptökur af því sem sýni að bifreiðin hafi verið lagfærð í apríl 2025.

V1 tekur ekki afstöðu til uppgjorsdeilu M við V2.

V2 vísar til skýrslu frá Aðstoð & öryggi þar sem fram komi að eldra tjón hafi verið á afturstuðara bifreiðar M. Af myndum frá tjónamati megi greina sprungur og brot í afturljósum bifreiðarinnar, dæld í afturhlera og svo dæld og rispur á hægri afturbretti og stuðara. Sá hluti sem orðið hafi fyrir tjóni sé afturstuðari bifreiðarinnar. Ljóst sé að hann hafi verið tjónaður fyrir áreksturinn. Þá sé hið nýja tjón umfangsminna en það sem fyrir var og ekki til þess fallið að rýra notagildi stuðarans, eða bifreiðarinnar í heild. Með vísan til þess telur V2 að M hafi ekki orðið fyrir auknu fjártjóni vegna þessa áreksturs.

Álit.

V2 hefur fyrir nefndinni staðfest að ekki sé til staðar ágreiningur um sakarskiptingu í máli þessu, heldur eingöngu ágreiningur um það hvort M hafi orðið fyrir auknu fjártjóni vegna þessa áreksturs. Samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar og 35. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 á tjónþoli rétt á fullum bótum fyrir það tjón sem sannanlega verður við váttryggingaratburð. Á sama hátt á M ekki að hagnast á tjóninu. Það breytir því ekki að ef nýtt tjón bætist við eldri skemmdir ber að meta hvort nýja tjónið hafi sjálfstæða fjárhagslega þýðingu. V2 hefur lagt fram myndir sem sýna fram á að tjón á vinstra afturljósi og hægri stuðara hafi verið til staðar áður en áreksturinn varð. V2 hefur ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings að ekki sé unnt að aðgreina nýtt tjón frá eldra tjóni eða að skipta viðgerðarkostnaði niður milli eldra tjóns og tjóns af völdum B. Það er á ábyrgð V2 að sýna fram á að nýjar skemmdir hafi enga fjárhagslega þýðingu. Slík sönnun liggur ekki fyrir. Á því ber V2 hallann og ber félaginu því að bæta M það tjón sem sannanlega varð á bifreiðinni A vegna árekstranna.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 17. febrúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir